

Föstudaginn 26. janúar 1968.

Nr. 93/1964. **Gunnar Thorarensen**
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Þóru Guðmundsdóttur og gagnsök
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1964. Krefst hann þess aðallega, að héraðsdómur verður ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 25. júní 1964. Gerir hún þær dómkröfur, að ómerkingarkröfu aðaláfrýjanda verði hrundið og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 56.000.00 með 6% ársvöxtum frá 31. maí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ekki eru efni til að taka ómerkingarkröfu aðaláfrýjanda til greina.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um sýknu aðaláfrýjanda af kröfu gagnáfrýjanda um greiðslu fyrir ræstingu og þjónustu, þar sem gagnáfrýjandi hefur ekki fært sönnur að því, að hún eigi kröfu til frekari greiðslu úr hendi aðaláfrýjanda fyrir þessa þjónustu en aðaláfrýjandi hefur þegar greitt. Aðaláfrýjandi var eigi krafinn um greiðslu fyrir fæði fyrr en eftir á, en hann þykir samt ekki, eins og högum beggja aðilja var háttað, hafa leitt að því nægar líkur, að hann standi í engri skuld við gagnáfrýjanda fyrir fæði, og þykir mega staðfesta úrlausn héraðsdóms, að því er þennan

kröfulið varðar. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn með skirskotun til forsendna.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Gunnar Thorarensen, greiði gagnáfrýjanda, Þóru Guðmundsdóttur, kr. 6.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. apríl 1964.

Mál þetta var tekið til dóms 10. þ. m. Það var höfðað með tveimur sáttakærum, sem birtar voru 3. og 19. marz 1960. Stefnandi málsins er frú Þóra Guðmundsdóttir, sem nú býr í Meðalholti 3 hér í borg. Stefndi er Gunnar Thorarensen, Hallveigarstíg 2.

Kröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 56.400.00 með 6% vöxtum p. a. frá 31. maí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% vöxtum p. a. frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% vöxtum p. a. frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu. Af hálfu stefnda er krafizt sýknu og málskostnaðar.

Krafa stefnanda er á því byggð, að stefndi hafi á árunum 1953—1959 fengið hjá henni fæði, þjónustu, ræstingu og peningalán. Aðiljum ber mjög á milli um málavexti. Um þá liggja fyrir upplýsingar í mörgum skjölum, og aðiljar og vitni hafa gefið skýrslur fyrir dómi. Verður vikið að gögnum þessum hér á eftir í þeim mæli sem nauðsyn ber til. Til hægðarauka verður fjallað um kröfur stefnanda í þrennu lagi og þá rætt í senn um atvik, málsástæður og lagarök og um álit dómara.

Þjónusta og ræsting. Stefnandi skýrir svo frá, að hún hafi kynnt stefnda á heimili sameiginlegs vinafólks þeirra á árinu 1953. Hún kveður húsmóðurina á heimili þessu hafa beðið sig að taka stefnda í þjónustu, og kveðst hún hafa gert það. Nokkru síðar segist hún hafa tekið að ræsta herbergi stefnda í húsi við Flókagötu og hafi hún síðan annazt ræstingu þess og síðan herbergis við Lokastíg, sem stefndi hafi flutt í. Kveðst stefnandi hafa látið stefnda þessa þjónustu í té þar til í ágúst 1959.

Stefndi segir svo frá atvikum, að stefnandi hafi um skeið ræst herbergið við Flóragötu og fengið fyrir það 100.00 kr. á mánuði. Eftir nokkra mánuði hafi stefnandi hætt þessum starfa og ekki ræst fyrir stefnda síðan. Um þjónustuna sagði stefndi fyrst, að hún hefði engin verið. Síðar breytti hann þeim framburði og kvaðst þá ekki vilja neita því, að hann hefði fengið einhverja þjónustu hjá stefnanda. Ekki hefur hann skýrt þetta atriði nánar.

Nokkur vitni hafa borið um ræstingu og þjónustu stefnanda í þágu stefnda. Eitt vitni hefur borið, að önnur kona hafi ræst herbergi stefnda, og lögð hafa verið fram tvö óstaðfest vottorð, sem ganga í sömu átt og skýrsla stefnda.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hún hafi veitt stefnda fyrirgreiðslu af vorkunnsemi, enda hafi hann um árabíl átt í erfiðleikum. Hefur stefnandi borið fyrir dómi, að ekki hafi verið rætt um greiðslu, áður en hún fór fyrst að ræsta fyrir stefnda og aldrei ella. Kröfu á hendur stefnda kvaðst hún hafa ákveðið að gera, eftir að hún hætti að veita honum fyrirgreiðslu.

Krafa stefnanda um greiðslu fyrir ræstingu og þjónustu nemur alls 7.200.00 krónum, þ. e. 50.00 krónum á mánuði fyrir hvort um sig í sex ár. Er krafan af hennar hálfu á því byggð, að stefndi hafi ekki getað ætlað til, að hann fengi þessa fyrirgreiðslu ókeypis. Sýknukrafa stefnda, að því er þessi atriði varðar, er rökstudd með því, að stefnandi hafi ekki annast fyrir hann neina ræstingu, sem ógreitt sé fyrir. Ekki hafi hún heldur annast fyrir hann neina verulega þjónustu. Þá var við munnlegan flutning málsins borin fram sú málsástæða, að fyrnd væri hugsanleg krafa vegna tímans fyrir 2. marz 1956, en sáttakæra um þessa kröfu var dagsett 2. marz 1960. Þessari málsástæðu var af stefnanda hálfu mótmælt með þeim rökstuðningi, að hún væri of seint fram borin.

Að áliti dómarans ráðast úrslit málsins, að því er varðar kröfu stefnanda um greiðslu fyrir ræstingu og þjónustu, þegar af því, að kröfuna skortir lagastoð, þótt lögð sé til grundvallar atvikalýsing stefnanda. Ljóst er, að stefndi hefur ekki gefið stefnanda loforð um greiðslu. Ekki verður heldur talið, að lororðsigildi liggi fyrir. Stefnandi hafði ekki atvinnu af að taka að sér ræstingu og þjónustu, það séð verði. Sambandi aðilja var og þannig farið, að stefnanda eigin sögn, að ekki verður talið, að stefnda hefði mátt vera ljóst, að honum bæri að greiða fyrir veitta fyrirgreiðslu, ef um hana hefur verið að ræða. Krafa stefnanda, sú

sem hér er til athugunar, verður því ekki byggð á reglum íslenzks réttar um loforð, og ekki er heldur fyrir að fara bótaréttarreglum eða öðrum lagareglum, sem hún verði með réttu byggð á.

Þess er að geta, að af hálfu stefnda hefur þeirri röksemd ekki verið hreyft, að þessa kröfu stefnanda skorti lagastoð. Hins vegar er ekkert fram komið, sem byggt verði á, að stefndi játi greiðsluskyldu sína, ef talið yrði, að leggja ætti til grundvallar atvikalýsingu stefnanda. Þvert á móti hefur af stefnda hálfu verið andmælt greiðsluskyldu, þótt því hafi ekki verið neitað, að stefndi hafi einhverja þjónustu fengið hjá stefnanda. Vegna sýknukröfu stefnda þykir eiga að láta úrslit málsins varðandi þá kröfu, sem hér er fjallað um, velta á ofangreindri skoðun dómars, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936. Verður stefndi því sýknaður af kröfu stefnanda um greiðslu fyrir ræstingu og þjónustu.

Fæði. Kröfu um greiðslu fyrir fæði gerði stefndi með sátta-kæru, sem birt var 19. marz 1960. Segir þar, að stefndi skuldi stefnanda kr. 35.200.00 „fyrir fæði í sex ár, enda þótt ekki sé krafizt greiðslu fyrir meira en sem svarar tveim árum“. Í stefnu í máli þessu var um atvik vísað til sáttakærunnar. Í greinargerð lögmanns stefnanda segir, að stefndi hafi verið í fæði hjá stefnanda í sex ár frá því á árinu 1953 án þess að greiða fyrir það. Þó hafi það komið fyrir, að hann hefði lagt á borð með sér fisk í soðið o. fl. Í reikningi, sem lagður var fram við þingfestingu málsins um leið og greinargerð þessi, er krafizt 36.000.00 króna fyrir fæði í sex ár, þ. e. 500.00 króna á mánuði. Frá reikningsupphæðinni eru dregnar 800.00 krónur. Er það talið andvirði þess, sem sagt er, að stefndi hafi lagt á borð með sér.

Stefnandi gaf aðiljaskýrslu fyrir dómi 12. júní 1961. Sagði hún þá, að stefndi hefði aðeins borðað stöku sinnum hjá sér, meðan hann var starfsmaður í Gamla Kompaníinu h/f (en þar kveðst stefndi hafa unnið fram undir áramótin 1954—1955). Eftir það hefði hann hins vegar verið með fæði á hennar vegum, ýmist borðað hjá henni eða borðað úti fyrir peninga frá henni. Kvað hún það rangt, sem stefndi heldur fram, eins og síðar greinir, að hann hafi borðað úti að staðaldri þar til á árinu 1957. Sagði stefnandi stefnda hafa verið í fæði hjá sér allt þar til í ágúst 1959. Hinn 5. desember 1961, er aðiljar voru sampróf-aðir um málsatvik, sagði stefnandi, að stefndi hefði sagt sér, að hann borðaði með Benedikt G. Waage, þegar hann borðaði úti, en stefnandi kvað slíkt hafa komið fyrir, þegar hún var við

vinnu. Sagðist stefnandi hafa látið stefnda fá fé til þessa við og við. Stefnandi kom enn fyrir dóm 7. desember s.l. og skýrði þá svo frá, að stefndi hefði ekki komið í fast fæði hjá sér, fyrr en nokkru eftir að hann flutti í herbergi, sem hann hafði á leigu við Flókagötu. Herbergi þetta hafði stefndi frá því í maí 1954. Ekki kvaðst stefnandi hafa haft fæðissölu.

Stefndi segir í aðiljaskýrslu sinni, sem lögð var fram 9. febrúar 1961, að hann hefði fyrst kynnt stefnanda um páskaleytið 1954. Um fæðið segir í skýrslu þessari:

„Framan af árinu 1955 borðaði ég að staðaldri í Ingólfskaffi, eða þar til við Benedikt G. Waage fórum að borða saman á Hótel Vík, en við höfðum þá um nokkurt skeið borðað saman í Ingólfskaffi. Borðuðum við Benedikt að staðaldri á Hótel Vík þar til um haustið 1957.

Um haustið 1957 fór ég svo að borða hjá Þóru að verulegu leyti og borðaði þar með nokkrum undantekningum fram á sumar 1959. Sumarið 1958 fór ég í rúmlega mánaðar ferðalag . . .

Hvað viðkemur, að ég hafi aldrei greitt neitt fyrir fæði mitt, vil ég geta þess, að það var um samið, að ég keypti að verulegu leyti til matar, og gjörði ég það oftlega eða lét henni í té peninga til þess. Vil ég geta þess, að ég keypti $\frac{1}{2}$ tunnu af saltkjöti haustið 1957, svo eitthvað sé nefnt, og er það meðal annars nefnt „fiskur í soðið“ á máli Þóru. Að minnsta kosti reyndist mér fæðið vera mörgum sinnum dýrara en það fæði, er ég hafði áður fengið á Hótel Vík. Tel ég, að ég skuldi henni síður en svo fyrir fæðið, enda aldrei á það minnst fyrr en með stefnu 2. marz 1960“. Stefndi staðfesti aðiljaskýrslu sína fyrir dómi 5. desember 1961.

Lagt hefur verið fram í málinu bréf frá stefnda til málflutningsumboðsmanns hans, dagsett 26. nóvember s.l. Segir þar, að stefndi hafi ekki ritað hjá sér þær fjárgreiðslur, sem hann hafi innt af höndum fyrir stefnanda „á því tímabili, er ég var að miklu leyti í fæði hjá henni, þ. e. frá haustinu 1957 og fram á sumar 1959 . . . þar sem eigi var ætlanin að ganga eptir greiðslu fyrir hjá Þóru, enda var það og þegjandi samkomulag okkar, að eigi komi önnur greiðsla fyrir fæði það, er Þóra lét mér í té“. Þá segir einnig í bréfi þessu: „ . . . keypti ég að verulegu leyti til matar og lét í té Þóru peninga í þessu skyni. Get ég eigi áætlað þenna fjárhlut, en fullyrði, að ég hef þar með meira en galdið fæði það, er ég fékk hjá Þóru. Auk þess matbjó ég mjög opt fyrir

okkur bæði“. Þessa frásögn staðfesti stefndi fyrir dómi 28. nóvember s.l.

Nokkur vitni hafa borið um það atriði, sem hér er til meðferðar.

Hjónin Jónas Magnússon og Sigríður Þorkelsdóttir bjuggu að eigin sögn í Þingholtsstræti 15, þ. e. í sama húsi og stefnandi, frá 1. júlí 1956 þar til í september 1958. Segja þau í vottorði, að stefndi hafi verið í fæði hjá stefnanda allan þennan tíma. Fyrir dómi staðfestu þau vottorðið. Þegar þeim var skýrt frá því, að stefndi segðist hafa borðað annars staðar til hausts 1957, sagði Jónas, að hann hefði séð stefnda í fæði hjá stefnanda, a. m. k. í hádegis- og kvöldmat, og taldi þetta hafa verið, frá því að hann fluttist í Þingholtsstræti 15. Framburður Sigríðar var sama efnis.

Símonía Jónsdóttir, sem bjó í Þingholtsstræti 15, þegar stefnandi fluttist þangað og fram á árið 1961, hefur borið, að stefndi hafi verið í fæði hjá stefnanda í a. m. k. tvö ár. Hins vegar kvaðst hún ekki muna, hvort hann hefði verið lengur í fæði hjá henni. Símonía kvað stefnanda ekki hafa minnzt á það við sig, að hún hefði látið stefnda hafa peninga til að borða úti, og ekki heldur, að hún hefði fengið peninga til matarkaupa hjá stefnda.

Benedikt G. Waage gaf vottorð, dagsett 7. febrúar 1961, sem lagt hefur verið fram í málinu. Þar segir: „... við Gunnar Thorarensen ... borðuðum saman að staðaldri á Ingólfskaffi framan af árinu 1955 og síðar á árinu á Hótel Vík til haustsins 1957 ...“. Fyrir dómi hefur Benedikt staðfest vottorðið. Þegar hann kom fyrir dóm, var m. a. bókað: „Lögmaður stefnanda kveður umbj. sinn telja, að vitnið og stefndi hafi snætt saman, eins og í dskj. nr. 9“ (þ. e. í vottorðinu) „greinir, hádegisverð. Vitnið kveður þá einnig hafa snætt saman kvöldverð, þó að niður hafi fallið máltíðir við og við, eins og verða vilji“.

Tvær konur, sem sagðar eru starfa á Hótel Vík, og einn maður, Guðmundur Jónsson að nafni, hafa ritað á sérstakt afrit af vottorði Benedikts G. Waage, að það sé „sannleikanum samkvæmt“. Guðmundur hefur komið fyrir dóm. Kvaðst hann hafa borðað með stefnda á Hótel Vík, en hins vegar ekki á Ingólfs Café. Sagði hann, að „yfirleitt hafi stefndi borðað báðar máltíðirnar á Hótel Vík þann tíma, sem vottorðið greinir frá, en þó hafi það komið fyrir, að máltíð og máltíð hafi fallið niður hjá stefnda, svo sem hjá vitninu sjálfu“. Guðmundur kvaðst ekki hafa drukkið kaffi

á Hótel Vík og því ekki geta um það borið, hvort stefndi gerði það.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð frá Jóhannesi Bjarnasyni, Unnarbraut 5, Seltjarnarneshreppi. Er það þannig:

„Ég undirritaður votta hérmeð, að á tímabilinu 1955 — framundir haust 1957, að ég þurfti margsinnis að hafa samband við Gunnar Thorarensen, og þá er ég þurfti að tala við áðurnefndan aðila, var það umtalað, að við hittumst að loknum matmálstíma, eða um kl. 1 e. h., á Hótel Vík“.

Vottorð þetta hefur vitnið staðfest, og bætti það því þá við, að sig minnti, að 1953 og 1954 hefði það hitt stefnda að Ingólfs Café og að stefndi hefði þá snætt þar.

Þess er enn fremur að geta, að lögð hafa verið fram nokkur skattframtöl aðilja málsins. Verða greindar hér samtölur tekju-dálka á framtölunum:

		Stefnandi	Stefndi
	Tekjur 1953	18.196.00	
	— 1954	17.645.56	
	— 1955	21.365.00	21.500.00
	— 1956	26.683.00	33.232.00
	— 1957	16.926.00	35.296.00
	— 1958	20.699.00	35.119.00
	— 1959	20.699.00	63.468.00

Í framtölum, sem lögð hafa verið fram, er þess getið, að á árunum 1958 og 1959 hafi stefndi selt hlutabréf fyrir samtals kr. 230.000.00, svo og þess, að hann hafi keypt önnur verðbréf fyrir alls kr. 120.000.00 að því er virðist. Í málinu er fram komið, að stefnandi átti nokkurt fé í sparisjóði, en ekki er fram komið, að af því hafi verið tekið til heimilishalds hennar.

Þess er enn fremur að geta, að stefndi heldur því fram, að hann hafi verið fjarverandi úr bænum rúmar þrjár vikur í ágúst 1957 og einn mánuð eftir 12. júlí 1958. Þá kveður hann stefnanda hafa verið í orlofi 2—3 vikur bæði 1958 og 1959.

Hér að framan hefur það verið rakið, sem fram er komið og máli þykir skipta um atvik, er varða kröfu stefnanda um endurgjald fyrir fæði.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að stefndi hafi haft fæði hjá henni eða á hennar vegum í sex ár (1953—1959). Hafi stefndi hlotið að vita, að hann gat ekki ætlað til að fá það ókeypis. Sýknukrafa stefnda er, að því er þetta atriði varðar, rökstudd

með því, að hann hafi aðeins fengið hjá stefnanda fæði í tæplega tvö ár, og þó ekki óslitið á því tímabili. Aldrei hafi annað staðið til en hann greiddi fyrir fæðið, enda hafi hann gert það samkvæmt samkomulagi með því að kaupa til matar og annast matargerð á stundum. Er því haldið fram, að stefndi hafi í raun rétttri verið fyrirvinna stefnanda þenna tíma. Við munnlegan flutning málsins var borin fram sú málsástæða, að fyrnd væri hugsanleg krafa vegna tímans fyrir 19. marz 1956, en sáttakæra um þessa kröfu var sem fyrr segir birt 19. marz 1960. Af stefnanda hálfu var þessari málsástæðu mótmælt með þeim rökstuðningi, að hún væri of seint fram borin.

Begar litið er til framburða stefnda, Símoníu Jónsdóttur, Benedikts G. Waage, Guðmundar Jónssonar og Jóhannesar Bjarnasonar og til þess, sem upplýst er um tekjur aðilja, verður ekki talið, að stefnandi hafi sannað þrátt fyrir framburð Sigríðar Þorkelsdóttur og Jónasar Magnússonar, að stefndi hafi tekið að snæða á hennar vegum fyrr en 1957. Ekkert liggur fyrir um, hvenær hausts 1957 það hefur verið, en með tilliti til framburðar stefnda um fjarveru sína í ágúst 1957 þykir eiga að byggja á því í málinu, að hann hafi haft fæði á vegum stenanda frá 1. september 1957. Aðiljar eru sammála um, að stefndi hafi hætt að borða á vegum stefnanda í ágúst 1959, en byggja verður á því, að um fæði á vegum stefnanda hafi verið að ræða til 1. september 1959, þar sem nánari upplýsingar skortir. Af hálfu stefnanda hefur þeirri skýrslu stefnda ekki verið mótmælt, að vegna sumarleyfa hafi hlé orðið á, að stefndi snæddi á vegum stefnanda, alls í tvo mánuði. Þykir samkvæmt þessu eiga að leggja til grundvallar í málinu, að stefndi hafi haft fæði á vegum stefnanda í 22 mánuði 1957—1959.

Þar sem því hefur verið yfir lýst af hálfu stefnda, að jafnan hafi verið ætlunin, að hann greiddi fyrir fæðið, er hann hafði á vegum stefnanda, verður ekki leyst úr ágreiningsefni aðilja um það á sama hátt og gert var varðandi þjónustu og ræstingu. Ekki er við annað að styðjast um matarkaup og fjárgreiðslur stefnda en frásögn hans sjálfs svo og almennar líkur, sem telja má fyrir því, að hann hafi haft meiri útgjöld vegna fæðisins en stefnandi telur. Þykir verða að byggja á því í málinu, að stefnda beri að greiða fyrir fæðið á mánuði hverjum, eins og stefnandi gerir kröfu um. Stefnandi hefur ekki tilgreint, hvenær stefndi hafi lagt á borð með sér, eins og hún telur, að hann hafi gert. Verður að byggja á því, að til frádráttar því, er stefnda ber að greiða

stefnanda, komi kr. 800.00, eins og gert er í sundurliðun krafna stefnanda.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður stefnda gert að borga stefnanda vegna fæðis $\text{kr. } 500 \times 22 \div 800 = 10.200.00$.

Peningalán. Samkvæmt reikningi þeim, sem af hálfu stefnanda var lagður fram, þegar mál þetta var þingfest, lánaði stefnandi stefnda kr. 6.800.00 í peningum í apríl 1959 og kr. 7.200.00 í maí sama ár. Lagður hefur verið fram úttektarmiði, sem sýnir, að 5. maí 1959 tók stefndi 7.200.00 krónur út úr sparisjóðsbók, sem stefnandi átti við Landsbanka Íslands. Hins vegar hafa ekki komið fram í málinu neinar skuldaviðurkenningar eða önnur skjöl undirrituð af stefnda varðandi þessar fjárhæðir.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dómi 12. júní 1961, að fé það, er hún hefði lánað stefnda í apríl 1959, hefði verið afhent honum í peningum. Kvaðst hún hafa tekið það út úr sparisjóðsbók og taldi stefnda hafa notað það til að greiða ákveðna skuld. Hinn 5. desember 1961 skýrði stefnandi þetta nánar, en taldi þá, að lánið hefði verið veitt í júní en ekki apríl. Hafði sama dag verið lagt fram í málinu vottorð frá Búnaðarbanka Íslands þess efnis, að stefnandi hefði tekið 6.000.00 krónur út úr sparisjóðsbók 3. júní 1955. Á þinginu þennan dag skýrði stefnandi enn fremur svo frá, að áðurnefndar 7.200 krónur hefðu gengið til ákveðins manns.

Stefndi hefur algerlega synjað fyrir, að hann hafi fengið nokkurt peningalán frá stefnanda. Kveðst hann hafa tekið 7.200.00 krónur út úr sparisjóðsbók stefnanda 3. maí 1959 fyrir hana.

Reynt hefur verið að fá ítarlegri upplýsingar hér að lútandi, en það ekki tekizt.

Dómkröfur stefnanda, að því er peningalánin varðar, eru byggðar á því, að stefndi hafi fengið þessi lán, og að honum beri að endurgreiða þau. Dómkröfur stefnda eru á því byggðar, að lánin hafi aldrei verið veitt.

Stefnandi hefur ekki sannað, að hún hafi í apríl eða júní 1959 veitt stefnda lán. Verður krafan um, að stefndi greiði henni þessa fjárhæð, því ekki tekin til greina.

Stefndi tók 3. maí 1959 7.200.00 krónur út úr sparisjóðsbók, sem stefnandi átti. Hann hefur ekki gefið viðhlítandi skýringu á því, hvernig þetta bar að, og ekki sannað, að hann hafi staðið stefnanda skil á fénu. Verður honum því gert að greiða stefnda þessa fjárhæð.

Málslyktir. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, verður

stefnda gert að greiða stefnanda kr. 17.400.00. Vaxtakrafa stefnanda verður tekin til greina frá þeim dögum, er sáttakærur voru birtar, þ. e. frá 3. og 19. marz 1960. Rétt er, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.500.00.

Við munnlegan flutning máls þessa gerði málflutningsumboðsmaður stefnda ýmsar athugasemdir við málalilbúnað af hálfu stefnanda. Ekki gerði hann þó kröfu um frávísun. Þótt lýsing málavaxta hafi í upphafi ekki verið sem nákvæmust, þykir eiga að leggja efnisdóm á mál þetta, eins og það horfir nú við.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Thorarensen, greiði stefnanda, Þóru Guðmundsdóttur, kr. 17.400.00 ásamt 9% vöxtum p. a. af kr. 7.200.00 frá 3. marz 1960 til 19. marz 1960 og af kr. 17.400.00 frá 19. marz 1960 til 29. desember 1960, en 7% vöxtum p. a. af kr. 17.400.00 frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði stefndi stefnanda kr. 5.500.00 í málskostnað. Greiðslur þessar fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
